

MENNTA- OG MENNINGAR-
MÁLARÁÐUNEYTI

ÁRSRIT 2015





**MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2016

Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir

Umsjón: Þorgeir Ólafsson

Hönnun og umbrot: Sævar Guðbjörnsson

ISSN 2298-7983

Prentun: Leturprent

Myndir:

Forsíða: Háskóli Íslands / Kristinn Ingvarsson

Bls. 7: Háskóli Íslands / Kristinn Ingvarsson

Bls. 8: Sigurður Ólafsson/norden.org

Aðrar myndir úr safni mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

EFNI

Inngangur.....	4
Stefnumótun og þróun.....	5
Lög og reglugerðir	16
Samskipti við stofnanir, eftirlit og mat	18
Ýmis verkefni.....	27
Starfsemi ráðuneytisins, starfsmannamál og fleira.....	34

Inngangur

Ýmis verkefni í kjölfar Hvítbókar um umbætur í menntun voru fyrirferðarmikil á árinu 2015. Hæst ber þjóðarsáttmála um læsi, sem er í senn yfirlýsing og samningur við hvert sveitarfélag í landinu um sameiginlegan skilning á mikilvægi læsis og að unnið verði eftir fremsta megni að því markmiði að a.m.k. 90% nemenda í hverju sveitarfélagi geti lesið sér til gagns árið 2018.

Undirbúningur að fyrirsjáanlegum breytingum í starfsemi ráðuneytisins í kjölfar laga um opinber fjármál, sem Alþingi samþykkti 21. desember, hefur staðið yfir í langan tíma og gert er ráð fyrir að það ferli standi yfir að minsta kosti til ársloka 2016. Flutningur á verkefnum til stofnana ráðuneytisins, einkum til Rannís og Menntamálastofnunar, er hluti af þeim breytingum og miðar að því að ráðuneytið fái aukið svigrúm til að einbeita sér að því yfirstjórnarhlutverki sem því er ætlað að hafa samkvæmt lögum og sinna stefnumótun í málaflokkum sem undir það heyra.

Meðal þeirra breytinga sem ný lög um opinber fjármál fela í sér er stefnumörkun til fimm ára á þeim málaefnasviðum sem falla undir ríkið. Í ársritinu er greint ítarlega frá viðamikilli skýrslu um háskóla – og vísindakerfið hér á landi. Hún er afrakstur fyrsta áfanga í mótun heildstæðrar stefnu til fimm ára fyrir háskóla og vísindastarfsemi sem á að taka til æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og helstu stoðaðila málaflokksins. Markmið stefnumótunarinnar er að auka skilvirkni, samþættingu, árangur og gæði í rannsóknum og kennslu á háskólastigi. Áætlað er að stefnan liggi fyrir fyrri hluta árs 2016.

Í ársritinu er sem fyrr einkum greint frá verkefnum sem falla utan reglubundinna verkefna ráðuneytisins, sem eru afar mörg eins og sjá má í töflum aftast í ritinu. Vonast er til að ársritið gefi nokkra mynd af því góða starfi sem samstilltur og góður hópur starfsmanna ráðuneytisins innti af hendi á árinu.

Ásta Magnúsdóttir
ráðuneytisstjóri

STEFNUMÓTUN OG ÞRÓUN



Þjóðaráttak um læsi

Haustið 2015 gerðu mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög með sér [Þjóðarsáttmála um læsi](#) um það markmið að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í kjölfar [Hvítbókar um umbætur í menntun](#) sem miðar að því að á næstu fimm árum verði innleiddar margþættar umbætur sem munu skila okkur enn betra menntakerfi til framtíðar. Framlag ráðuneytisins verður í formi ráðgjafar, stuðnings, lesskimunar og aukins samstarfs við foreldra.

Þjóðarsáttmáli um læsi er í senn [yfirlýsing og samningur](#) við hvert sveitarfélag í landinu um sameiginlegan skilning á mikilvægi læsis og að unnið verði eftir fremsta megni að því markmiði að a.m.k. 90%



Litlum borðum með undirskriftum sveitarstjórnarmanna og ráðherra var stundið inn í kort af landinu.




Ingó veðurguð flutti lag Bubba Morthens við nýjan texta „Það er gott að lesa“ við ýmsar athafnir, sem tengdust þjóðarsáttmálanum og auk þess var gert við það [myndband](#).

nemenda í hverju sveitarfélagi geti lesið sér til gagns árið 2018 en landsmeðaltalið núna er um 78%. Menntamálastofnun hefur umsjón með verkefninu. Ráðnir voru ráðgjafar um læsi til að styðja við lærdómssamfélag skóla og sveitarfélaga, halda námskeið og leiðbeina skólastjórnendum, kennurum og öðru skólafólki um læsi og lestrarnám.

Fyrsta undirritun [þjóðarsáttmála um læsi](#) fór fram í Borgarbókasafninu. Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Sigríður Björk Einarsdóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, undirrituðu hann að viðstöddum hópi leikskólabarna og fleiri gesta. Í kjölfarið hitti mennta- og menningarmálaráðherra fulltrúa allra annarra sveitarstjórna um land allt til að undirrita samninginn.



Skýrsla um háskóla og vísindi á Íslandi



Ráðuneytið gaf út [skýrslu um háskóla- og vísindakerfið](#) á Íslandi. Hún fjallar um sögu og þróun kerfisins frá stofnun Háskóla Íslands árið 1911 og lýsir stöðu háskóla- og rannsóknarstarfsemi í landinu um þessar mundir. Þar er leitast við að auka yfirsýn og skilning á málaflokknum og þeim áskorunum sem háskólar og vísindastarfsemi standa frammi fyrir. Gerð er grein fyrir nýjustu upplýsingum um háskóla og rannsóknir og þær settar í alþjóðlegt samhengi. Dregin eru fram dæmi um áherslur og stefnumörkun í nágrannalöndum okkar til að auka skilning á þróun, stefnu og verklagi á alþjóðlegum vettvangi. Gefið er yfirlit yfir starfsemi og rekstur háskóla- og vísindakerfisins og leitast við að skilgreina helstu áhrifaþætti innan þess og utan.

Skýrslan er afrakstur fyrsta áfanga í mótun heildstæðrar stefnu til fimm ára fyrir háskóla og vísindastarfsemi og á að taka til æðri menntunar, rannsókna, nýsköpunar og helstu stoðaðila málaflokksins. Markmið stefnumótunarinnar er að auka skilvirkni, samþættingu, árangur og gæði í rannsóknum og kennslu á háskólastigi. Áætlað er að stefnan liggji fyrir fyrri hluta árs 2016. Samhliða vinnunni við skýrsluna aflaði ráðuneytið greininga frá undirstofnunum á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum (SVÓT) og munu þær greiningar nýtast ráðuneytinu við mörkun stefnunnar.





Úr skýrslunni Háskólar og vísindi á Íslandi 2015

Með breyttum hugmyndum og bættum kjörum almennings varð framhaldsskólanám almennara hjá börnum úr öllum stéttum í Evrópu á síðari hluta 20. aldar. Ungmenni með ólíkan félags- og menningarlegan bakgrunn sóttu háskólana sem varð til þess að háskólakerfi landanna stækkuðu umfram áætlanir og skapaði það víða nokkurn vanda. Nemendum sem luku stúdentsprófi fjölgaði hér á landi eins og annars staðar og var fjölgunin mest á 8. og 9. áratugnum. Árið 1971 brautskráðust tæplega 600 með stúdentspróf en árið 1985 voru þeir tæplega 1.600. Á þessum tíma fjölgaði framhaldsskólum hratt, þeir voru 11 árið 1977 en árið 1991 voru þeir orðnir 25 talsins. Háskólakerfið var þó enn mjög lítið í samanburði við stærð þess í dag. Við upphaf 9. áratugarins voru háskólanemar samanlagt færri en einn meðalárgangur ungs fólks, en fjöldi tvítugra árið 1980 var tæplega 4.500 manns. Til marks um aukna ásókn í háskóla má benda á að frá 1980 og fram á fyrsta áratug þessarar aldar fór hlutfall brautskráðra stúdenta í hverjum árgangi af heildarfjölda háskólanema lækkandi.

Hraðar breytingar á háskólakerfinu

Fram undir 10. áratug síðustu aldar höfðu stjórnvöld töluverð afskipti af innra starfi háskólanna, s.s. starfsmanna- og launamálum, ferðum starfsmanna til útlanda og skipunum prófdómara. Í kringum 1990 voru rammafjárveitingar teknar upp en í þeim fólst að háskólarnir fengu eina upphæð sem þeir sjálfir báru ábyrgð á. Unnið var áfram að því að auka sjálfstæði skólanna í anda stefnu ríkisstjórnarinnar. Árið 1997 voru samþykkt á Alþingi rammalög um háskóla (nr. 136/1997) en fyrir voru sérstök lög um sérhvern ríkisháskóla. Með rammalögunum var settur almennur starfsrammi fyrir rekstur háskóla án tillits til eignarhalds og rekstrarforms og dregin saman þau meginskilyrði sem háskólar þyrftu að uppfylla. Með lögunum var sjálfstæði háskólanna fest frekar í sessi og einkaaðilum gert kleift að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Stjórnsýsla háskólanna var aðlöguð þeim auknu völdum og ábyrgð sem fylgdu í kjölfar aukins sjálfstæðis þeirra.


Þegar á heildina er lítið má segja að undir lok síðustu aldar hafi verið gerðar grundvallarbreytingar á háskólakerfinu hér á landi. Þær fólu í sér nýjar aðferðir og áherslur, margar í takt við nýskipan í ríkisrekstri og aukna alþjóðavæðingu háskóla. Segja má að árangurinn hafi ekki látið á sér standa því að upp úr aldamótum tók námsframboð að aukast til muna, ekki síst á

framhaldsstigi. Á fyrsta áratug aldarinnar næstum því tvöfaldaðist fjöldi háskólanema hér á landi, úr um 10 þúsund nemendum í um 20 þúsund.

Mismunandi kostnaður við menntun eftir námsgreinum

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð þús.kr.	Verðhlutfall
Aðfarnám að námi á háskólastigi	647,9	1,0
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði, lögfræði og annað hliðstætt nám	644,0	1,0
Nám á sviði tölvunarfræði, stærðfræði og annað hliðstætt nám	1.008,9	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem felst m.a. í æfingakennslu	969,3	1,5
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem felst m.a. í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga	1.280,2	2,0
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr. sem krefst verkl. æfinga og sérhæfðs bún.	1.392,0	2,2
Læknisnám sem felst m.a. í verkl. æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun	1.799,1	2,8
Nám í tannlækningum	2.806,6	4,4
Listnám - myndlist	1.895,0	2,9
Listnám - danslist	2.211,4	3,4
Listnám - tónlist	2.267,1	3,5
Listnám - leiklist	3.629,9	5,6
Listnám - hönnun og arkitektúr	1.593,8	2,5
Hestafræði í Hólaskóla - Háskólanum á Hólum	1.752,3	2,7
Starfsmenntanám í Landbúnaðarháskóla Íslands	1.507,3	2,3

Háskólanemendur innanlands og lánþegar LÍN erlendis 1980-2013




Myndin sýnir þróun í fjölda háskólanema innanlands og fjölda lánþega LÍN erlendis. Á henni má sjá að fjöldi námsmanna erlendis hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu 30 ár. Árið 2013 voru námsmenn á lánnum erlendis til að mynda álíka margir og árið 1984 (tæplega 2.100 árið 2013 og um 2.200 árið 1984). Á sama tíma jókst fjöldi námsmanna innanlands mikið og því hefur þeim sem stunda nám erlendis fækkað mjög hlutfallslega.

Árið 1988 stunduðu 5.247 nám á háskólastigi innanlands en 2.663 þáðu lán frá LÍN til að stunda nám erlendis. Árið 2013 hafði lánþegum erlendis fækkað lítillega miðað við árið 1988 og voru þeir 2.071. Á sama tíma hafði nemendum innanlands fjölgað mikið og voru þeir skráðir 19.779 samkvæmt tölum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Hlutfallslega hafði því lánþegum erlendis fækkað mikið og voru nú 10,5% af fjölda nemenda við íslenska háskóla.

Áætla má að á heildina litið hafi á bilinu 15 - 20% íslenskra nemenda verið við nám erlendis á árinu 2013. Þessi áætlun er í samræmi við mælingar OECD. Nýlega hóf OECD að meta hreyfanleika nemenda eftir löndum með því að telja hversu margir nemendur af tilteknu þjóðerni væru í hverju hinna OECD - landanna og leggja fjöldann saman. Mæling fyrir árið 2012 benti til þess að 19% íslenskra nemenda væru við nám við erlenda háskóla.

Ríflega þriðjungur nemenda stundar nám í félagsvísindum

Þegar litið er á námsval nemenda má sjá að á síðustu árum hefur meira en þriðjungur nemenda valið nám á sviði félagsvísinda, viðskipta og lögfræði.



Myndin hér að ofan sýnir breytingu á námsvali nemenda frá árinu 1980. Hafa ber í huga að erfitt getur verið að bera saman námsval yfir langt tímabil vegna skorts á samfelli í upplýsingum og vegna þess að aðferðir við að flokka nemendur eftir sviðum hafa tekið nokkrum breytingum. Því er aðeins hægt að skoða ákveðna flokka yfir tímabilið frá 1980 og eru hér notaðir sjö flokkar: menntun (kennaranám ýmiss konar og uppeldisfræði), hugvísindi (þ.m.t. mannvísindi og listir), félagsvísindi (þ.m.t. lögfræði, viðskiptafræði og hagfræði), raunvísindi (þ.m.t. stærðfræði og tölvunarfræði), verkfræði (þ.m.t. framleiðslugreinar og mannvirkjagerð), heilbrigðisvísindi (þ.m.t. læknisfræði og hjúkrunarfræði) og landbúnaður (þ.m.t. dýralækningar og aðrar þjónustugreinar).

Það vekur athygli að þrátt fyrir miklar breytingar á upplýsingatækni og stórukna notkun hennar á öllum sviðum þjóðlífsins frá 1980 hefur hlutur raunvísinda (sem telur tölvunarfræði) haldist stöðugur. Á tímabilinu hefur framboð á námi í tölvunarfræðum aukist og eftirspurn eftir starfsfólki í tæknigreinum sömuleiðis.

Árangur í rannsóknum

Rannsóknarumsvif við íslenska háskóla hafa vaxið hratt á undanförunum árum. Það sést m.a. á fjölgun ritrýndra birtinga (ISI-birtingar) merktum íslenskum háskólum en á tímabilinu 2005-2014 jukust þær um 151%.

ISI-birtingar íslenskra háskóla 2005-2014


Háskóli/ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Háskóli Íslands	311	382	395	453	533	700	661	783	849	802
Háskólinn í Reykjavík	12	16	23	43	70	112	85	101	125	109
Háskólinn á Akureyri	15	10	14	47	36	50	29	33	26	39
Landbúnaðarháskóli Íslands	5	4	8	9	10	13	9	18	20	24
Háskólinn á Hólum	2	4	2	3	3	11	14	11	9	10
Háskólinn á Bifröst	0	0	1	1	1	2	0	1	0	2

Enn fremur hefur verið mikill stígandi í áhrifum (e. impact) ritrýndra vísindagreina merktum íslenskum háskólum en á tímabilinu 2005-2014 hefur tilvitnunum í þessar greinar fjölgað um 435%. Hér ber þó að hafa í huga að fjöldi birtinga merktum íslensku háskólum segir ekki alla söguna um heildarfjölda ISI-birtinga merktum Íslandi. Í mörgum tilvikum er um að ræða sameiginlegar birtingar tveggja eða fleiri háskóla. Engu að síður er árangurinn athyglisverður.

Fjármögnun háskólanna

Háskólar landsins fara ýmsar leiðir við að fjármagna starfsemi sína. Framlög ríkisins eru verulega fyrirferðarmikil í tekjumynstri þeirra allra. Framlög á fjár- og fjárukalögum eru hlutfallslega hæst hjá Listaháskólanum (78%) en lægst hjá Háskólanum á Bifröst (47,3%). Einkareknir skólar eru því bæði með hlutfallslega hæstu og lægstu framlögin.

Tekjusamsetning háskólanna 2013





550 milljónir til sóknaráætlana landshluta

Gerðir voru samningar um sóknaráætlanir landshluta fyrir tímabilið 2015-2019 og í þeim eru sameinuð í einn samning verkefni sóknaráætlana landshluta, vaxtarsamningar og menningarsamningar. Heildarfjárhæð samninganna nemur ríflega 550 milljónum króna en til viðbótar leggur mennta- og menningarmálaráðuneytið til fjármagn til áframhaldandi reksturs menningarmiðstöðva á Austurlandi og Suðurlandi og nokkrar sértækar fjárveitingar renna inn í sóknaráætlanir einstakra landshluta.

Sóknaráætlanir fela í sér mikla nýbreytni í opinberri stjórnsýslu þar sem verið er að færa aukna ábyrgð á útdeilingu fjármagns til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Jafnframt er verið að einfalda framlög til einstakra landshluta, gera þau gegnsærri og láta þau í auknum mæli taka mið af hlutlægum mælikvörðum um stöðu svæðisins.

Samráðsfundur mennta- og menningarmálaráðherra og stjórnar Bandalags íslenskra listamanna

Á árlegum samráðsfundi mennta- og menningarmálaráðherra og stjórnar Bandalags íslenskra listamanna (BÍL) var meðal annars til umræðu:

- Fjárhagslegur stuðningur við listir og tölulegar upplýsingar
- Stjórnsýsla menningarmála
- Menningarkynningar og markaðsmál
- Menntamál og rannsóknir

Tilgangur samráðsfundanna er að gefa ráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins og fulltrúum listamannasamtaka tækifæri til að skiptast á skoðunum og upplýsingum auk þess að ræða almennt um stefnu og framkvæmd stjórnvalda í málefnum er varða listir. Samkvæmt samningi ráðuneytisins við BÍL ber að halda slíka fundi árlega og á vef BÍL má sjá helstu [áherslur](#) þess.

Tillögur um fullorðins- og framhaldsfræðslu og um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf

Birtar voru skýrslur verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu og starfshóps um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf, með þeim fyrirvara að ráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu til þeirra.

- Viðfangsefni verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu var að móta [tillögur](#) að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Verkefninu var einnig ætlað að móta tillögur að heildstæðu kerfi náms sem gefur fullorðnum möguleika á að ljúka námi með tilliti til hækkaðs menntunarstigs, eigin starfsþróunar og náms sem hefur skilgreind námslok.
- Starfshópur um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf gerði í [skýrslu](#) sinni tillögur um framtíðarsýn, stefnu og aðgerðir fyrir náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. Starfshópurinn var skipaður í maí 2014. Í honum sátu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa.

Leikskóli að loknu fæðingarorlofi

Lögð var fram skýrsla starfshóps sem skipaður var til að meta kosti þess að bjóða leikskólavist strax og fæðingarorlofi lýkur. Starfshópnum var ætlað að greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þurfi tillit til, þar á meðal varðandi mannafla og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna á aldrinum eins til tveggja ára, ásamt leiðum til fjármögnunar.

Í mati og ábendingum starfshópsins segir meðal annars:

- Starfshópurinn telur að stefna ætti að því að bjóða öllum börnum dvöl á leikskóla frá 12 mánaða aldri. Þróunin undanfarin 20 ár sýnir glögglega mikla þörf fyrir leikskóla strax að fæðingarorlofi loknu með kröfum bæði frá foreldrum og atvinnulífi. Fagleg rök eru einnig fyrir því að bjóða frekar leikskóla en daggæslu í heimahúsum. Ljóst er að þetta er kostnaðarsamt og að möguleikar sveitarfélaga til að standa undir slíkri uppbyggingu á næstu árum eru mjög misjafnir.
- Starfshópurinn bendir jafnframt á að gera þarf átak til að fjölga leikskólakennurum til að hægt verði að manna leikskólana með fagfólki. Gera má ráð fyrir að það feli í sér aukinn kostnað bæði fyrir ríki og sveitarfélög.
- Mögulega verður það niðurstaða af frekari rýni á málefnið að heppilegra þyki að takast á við þetta verkefni í áföngum og miða í upphafi við að öllum börnum standi til boða leikskólavist frá 18 mánaða aldri. Í allmörgum sveitarfélögum myndi það leiða til betri þjónustu fyrir barnafjölskyldur en jafnframt þyrfti þá, að áliti starfshópsins, að huga að starfsumhverfi dagforeldra.

Í skýrslunni kemur fram að fjöldi fæddra barna ár hvert er um 4.500 að meðaltali. Á undanförunum árum hafa að meðaltali um 34% eins árs barna verið skráð í leikskóla. Ef öllum börnum frá 12 mánaða aldri yrði boðin vist á leikskóla þyrfti að bæta við u.þ.b. 3.000 leikskólaplássum á landsvísu og fjölga þyrfti starfsfólki um u.þ.b. 700 stöðugildi til að uppfylla þarfir fyrir faglega umönnun yngstu barnanna.



Verulegur kostnaðarauki felst í því fyrir mörg sveitarfélög að hverfa alveg frá daggæslu og bjóða í staðinn upp á leikskólavist fyrir öll börn. Áætlaður rekstrarkostnaður við að bjóða upp á leikskólavist fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri er allt að 5,8 milljarðar króna á ársgrundvelli. Stofnkostnaður getur numið allt að 480 milljónum króna fyrir 120 barna leikskóla. Samanlagður heildarkostnaður á hvert barn getur því numið allt að 2.042 þús. kr. á ári. Mögulegar leiðir til fjármögnunar felast einkum í hækkun útsvars og hækkun leikskólagjalda.

Starfspróun kennara – greining á sjóðaumhverfi

Niðurstöður [skýrslunnar](#) um starfspróun kennara – greining á sjóðaumhverfi eru ekki tæmandi en gefa góða mynd af því hvaða sjóðir styðja starfspróun kennara í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, hvers konar starfspróun er styrkt og hversu miklum fjármunum er varið í málaflokkinn. Ljóst er að sjóðaumhverfi fyrir starfspróun kennara, skólastjórnenda og ráðgjafa innan skólakerfisins er margslungið og umtalsverðum fjárhæðum er varið til þessara mála í samfélaginu. Gagnaöflun frá einstökum sjóðum gekk misjafnlega, sem veldur því að ákveðins misræmis gætir í framsetningu í skýrslunni.

Markmið skýrslunnar var að varpa ljósi á þau tækifæri sem kennarar hafa til starfspróunar og hversu miklum fjármunum er veitt til hennar. Greiningin tók til sjóða sem standa leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og tónlistarkennurum til boða. Athuguð var aðkoma ríkis, sveitarfélaga og háskólastofnana að starfspróun kennara. Skýrslan var unnin af [Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri](#) fyrir [fagráð um símenntun og starfspróun kennara](#).

LÖG OG REGLUGERÐIR

Lög samþykkt á Alþingi árið 2015 á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Lög um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013, með síðari breytingum (reikningsár og frestun gildistöku), [nr. 129/2015](#).
2. Lög um Menntamálastofnun, [nr. 91/2015](#).
3. Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.), [nr. 72/2015](#).
4. Lög um örnefni, [nr. 22/2015](#).
5. Lög um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.) [nr. 5/2015](#).

Reglugerðir gefnar út á árinu 2015:

[Reglugerð nr. 589/2015](#) um breytingu á reglugerð um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 478/2011.

[Reglugerð nr. 446/2015](#) um Kvikmyndasafn Íslands.

[Reglugerð nr. 376/2015](#) um breytingu á reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009.

[Reglugerð nr. 148/2015](#) um breytingu á reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Frumvörp unnin á árinu og lögð fyrir Alþingi en ekki afgreidd:

1. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972

Frumvarpið er áfangi í heildarendurskoðun höfundalaga sem hófst árið 2009. Að þessu sinni eru lagðar til breytingar á 1. kafla höfundalaga.

2. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972

Frumvarpið snýst um að höfundaréttur að tónverki með texta, þar sem bæði texti og tónverk eru samin sérstaklega fyrir hlutaðeigandi tónverk með texta, helst, uns 70 ár eru liðin frá andlátsári þess sem lengst lifir. Þá er verndartími hljóðrita lengdur úr 50 árum í 70 ár.


3. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972

Um er að ræða lagabreytingar vegna tilskipunar um tiltekin leyfileg afnot af munaðarlausum verkum. Munaðarlaus verk eru þau verk nefnd sem njóta verndar höfundaréttar en höfundur þeirra er óþekktur eða ekki vitað hvar hann heldur sig og því ekki unnt að leita heimildar hjá höfundi til nota verkanna.

4. Frumvarp til laga um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi

Með frumvarpinu er lagt til að greiddir verði styrkir til kvikmyndaframleiðenda vegna sýninga á kvikmyndum á íslenskri tungu til að vege upp á móti áhrifum af álagningu virðisaukaskatts á aðgöngumiða kvikmyndasýninga á íslenskar kvikmyndir sem kom til framkvæmda árið 2013.

Þingmál mennta- og menningarmálaráðherra



	Þingmálaskrá haustþing	Afgreidd lög
132. löggjafarþing	13	7
133. löggjafarþing	15	8
134. löggjafarþing	9	0
135. löggjafarþing	19	8
136. löggjafarþing	14	1
137. löggjafarþing	2	4
138. löggjafarþing	9	6
139. löggjafarþing	16	9
140. löggjafarþing	19	10
141. löggjafarþing	14	9
142. löggjafarþing	1	1
143. löggjafarþing	9	4
144. löggjafarþing	13	4



Ný lög um örnefni

Megintilgangur nýju laganna er að löggjöf um örnefni verði samrýmanleg nútímabúsetuháttum og skipulagsmálum í landinu. Kveðið er á um að nafngiftahefðir verði í heiðri hafðar við myndun nýrra örnefna og þau verði í samræmi við íslenska málfræði og málvenju. Þá er leitast við að skýra og samræma stjórnýslu við skráningu örnefna með það að markmiði að nafngiftir endurspegli sem best raunveruleikann hverju sinni og endanleg nafngift komist á sem fyrst í ferlinu. Einnig er ákvörðunarvald flutt nær almenningi með því að færa ábyrgð og skráningu á nafngiftum til sveitarfélaga í samræmi við nútímalegri stjórnunarhætti. Ef nýtt náttúrufyrirbæri þarfnast nafns þá á viðkomandi sveitarstjórn að hafa frumkvæði að nafngift að fenginni umsögn örnefnanefndar. Tillaga að nýju nafni þarf svo að fá staðfestingu ráðherra og síðan eru Landmælingar Íslands upplýstar um nýja nafnið.

5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla

Tilgangur frumvarpsins er m.a. að skýra betur valdmörk tveggja ráðuneyta um kæruleiðir vegna ákvarðana sem teknar eru í grunnskólum á vegum sveitarfélaga og að styrkja lagaramma fyrir samþættingu skólastarfs og frístundastarfs. Þar er einnig að finna tillögu að orðalagsbreytingum í grunnskólalögum.

Fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi

Á 144. löggjafarþingi 2014 - 2015 svaraði mennta- og menningarmálaráðherra 29 skriflegum og 18 munnlegum fyrirspurnum. Að vanda er mest spurt um menntamál og snerist meira en helmingur skriflegra fyrirspurna um þau og nær allar munnlegu fyrirspurnirnar. Fjölmíðlamál og ýmis atriði um starfsemi og rekstur ráðuneytisins koma þar á eftir.

SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR, EFTIRLIT OG MAT

Menntamálastofnun tekur til starfa

Menntamálastofnun er ný stjórnsýslustofnun á sviði menntamála sem er ætlað að stuðla að auknum gæðum skólustarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Hún sinnir verkefnum á sviði menntamála og því sem ráðherra felur henni í samræmi við lög sem um hana gilda og tóku að fullu gildi 1. október. Menntamálastofnun sinnir verkefnum sem Námsgagnastofnun og Námsmatsstofnun höfðu áður umsjón með. Einnig sinnir stofnunin verkefnum sem flutt hafa verið frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, svo sem innritun í framhaldsskóla, aðgerðum gegn brottþvarfi í framhaldsskólum, viðurkenningu einkaskóla, útgáfu leyfisbréfa kennara og þjónustu vegna fagráðs gegn einelti.

Meðal þeirra verkefna sem stofnunin tók þegar við að sinna eftir stofnun voru:

- Stuðningur við þjóðaráttak um læsi með ráðgjöf (læsiþeymi), skimunarprófum og mati á árangri lestrarkennslu.
- Innleiðing á nýju hæfnimiðuðu námsmati með bókstafaekunnum í lok grunnskóla.
- Þróun leiða til að stuðla að jafnræði nemenda vegna inntöku í framhaldsskóla, t.d. möguleika á samræmdum hæfniprófum.
- Staðfesting nýrra námsbrauta í framhaldsskólum vegna styttingar náms.
- Endurskoðun stefnu um námsgögn í grunnskólum og framhaldsskólum í ljósi aukinnar áherslu á stafrænt efni og notkun spjalddtölva.
- Umsjón með ytra mati á starfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og þátttaka f.h. ráðuneytis í Eurydice.



Sameining Tækniskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði

Iðnskólinn í Hafnarfirði var sameinaður Tækniskólanum og fyrsti formlegi starfsdagur sameinaðs skóla undir nafni Tækniskólans var 4. ágúst. Starfsemi skólanna var nánast óbreytt í byrjun og starfsmenn Iðnskólans í Hafnarfirði voru ráðnir í Tækniskólanum.

Til að undirbúa sameiningu skólanna skipaði mennta- og menningarmálaráðherra verkefnishóp til þess að kanna fýsileika þess að sameina þá. Í [niðurstöðum](#) hópsins kemur fram að hann telji að fýsilegt sé að sameina

skólana í einn skóla undir merki Tækniskólans ehf. Hópurinn taldi að verulegur fjárhagslegur ávinningur yrði að sameiningu skólanna sem nýta má til uppbyggingar innra starfs þeirra og til sóknar fyrir starfsmánum. Þá taldi hópurinn einnig að tækifæri gæfist til að efla faglegt umhverfi starfsfólks og að auknir möguleikar yrðu til að efla stöðu nemenda og vinna gegn brotthvarfi. Í skýrslu hópsins voru dregin fram helstu rök fyrir þessum niðurstöðum. Verkefnishópurinn lagði til að ákvörðun yrði tekin skjótt svo að vinna gæti hafist við sameiningu skólanna og allri óvissu um framtíð þjónustu við nemendur og um stöðu starfsfólks yrði eytt sem fyrst.

Þróun menntamála og samanburður við önnur ríki


OECD birtir árlega skýrslu um menntamál [Education at a Glance](#) með margvíslegum tölfræðilegum upplýsingum og greiningu á menntakerfum 34 aðildarríkja OECD og annarra samstarfsríkja. Helstu efnisþættir eru um:

- menntunarstig þjóða og þau áhrif sem menntun hefur á afkomu einstaklinga og atvinnulífs.
- fjárfestingu í menntun, hvernig skólakerfi eru fjármögnuð af hálfu hins opinbera og einkaaðila.
- aðgengi að menntun, hversu stór hluti þjóðarinnar sækir menntun og hvernig menntuðum reiðir af á vinnumarkaði.
- skipulag skólastarfs, m.a. fjölda kennara á hvern nemanda, kennslutíma og laun kennara.



Menntunarstig íslensku þjóðarinnar hefur hækkað eins og tölur OECD hafa borið með sér undanfarin ár. Hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið neinu prófi eftir grunnskóla hefur farið lækkandi, var 32% árið 2005 en var komið niður í 27% árið 2014. Samtímis hefur hlutfall háskólamenntaðra farið jafnt og þétt hækkanði og var komið upp í 37% árið 2014. Hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi en enga gráðu umfram það hefur farið heldur lækkandi og var orðið 36% árið 2014. Árið 2014 var meðaltal OECD fyrir grunnskólamenntaða 24%, fyrir framhaldsskólamenntaða 43% og fyrir háskólamenntaða 34%.


Menntunarstig 25-64 ára eftir skólastig árin 2005-2014



Ef litið er á dreifingu framhaldsskólamenntaðra eftir aldersflokkum þá virðist sem framhaldsskólamenntuðum hafi ekki fjölgað, sem hlutfall af mannfjölda. Á aldersbilinu 25-34 ára höfðu 74% lokið framhaldsskólamenntun, sem var álíka stórt hlutfall og meðal aldersflokksins 45-54 ára. Ef skoðað er meðaltal OECD þá er hlutfallið hæst fyrir yngsta aldersflokkinn og var orðið 83% árið 2014. Í þessu sambandi má þó hafa það í huga að á Íslandi lýkur tiltölulega stór

hópur framhaldsskólaprófi seinna á ævinni þannig að hlutfallið í eldri aldurshópum hækkar einnig með tímanum.


Hlutfall af mannfjölda sem hefur lokið framhaldsskólaprófi eftir aldurflokkum 2014



Útgjöld vegna starfsnáms

Útgjöld á hvern ársnema í starfsnámi á Íslandi eru talsvert hærri en útgjöld á hvern nemanda í bóknámi. Þetta kann að skýrast af því að íslenskir framhaldsskólar bjóða upp á margar námsbrautir í starfsnámi sem eru kostnaðarsamar og í sumum skólum eru tiltölulega fáir nemendur á hverri braut.

Samanburður á útgjöldum vegna bóknáms og verknáms á framhaldsskólastigi eftir löndum 2012



[Samantekt mennta- og menningarmálaráðuneytis](#) úr Education at a Glance 2015 um ýmis atriði sem varða stöðu og þróun menntamála á Íslandi í alþjóðlegum samanburði.

Framlag Íslands í OECD - skýrslu um aðföng í menntakerfum

Birt var [skýrsla](#) með upplýsingum um framkvæmd menntamála á Íslandi með tilliti til starfsemi, mannauðs og stefnu stjórnvalda, sem unnin var í samstarfi ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Skýrslan er fyrsti hluti af úttekt sem Efnahags- og framfarastofnunin OECD vinnur að um ráðstöfun og nýtingu aðfanga (e. resources) í menntakerfum aðildarríkjanna. Markmiðið með verkefninu er að greina hversu vel hefur tekist að ná settum markmiðum menntakerfisins, hvetja til betra náms og kennslu og stuðla að nýsköpun. Úttektinni er ætlað að greina og veita ráð um stefnumótun stjórnvalda og skóla til að ná fram markmiðum sínum um markvirkni og skilvirkni í menntun. Verkefnið tekur til leik-, grunn- og framhaldsskólastigs.

Framkvæmd [úttektarinnar](#) verður í þremur áföngum. Í þeim fyrsta vinna sérfræðingar á vegum OECD greiningu á fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum á markvirkni í menntakerfum. Jafnframt vinna þátttökuríkin bakgrunnsskýrslu samkvæmt forskrift sérfræðinga OECD þar sem fjallað er um stöðu í viðkomandi landi sem einnig nýtist við samanburð milli landa. Í öðrum áfanga heimsækja sérfræðingar OECD ríkin, ræða við helstu hagsmunaaðila og vinna skýrslu með stöðugreiningu og ráðgjöf fyrir hvert þátttökuríki. Í lokaáfanga úttektarinnar er síðan gerð skýrsla með samantekt um hvaða aðgerðir eru líklegastar til að skila árangri í að auka markvirkni í menntakerfum og ráðgjöf um stefnu og aðgerðir sem einstök ríki geta nýtt sér.

Lokaskýrsla um styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónarmiði

Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð fjallaði um styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónarmiði. Áhersla var lögð á að kyngreina starfsemi, sókn og úthlutanir opinberra samkeppnissjóða 2009 - 2014. Í [skýrslunni](#) er greint frá niðurstöðum sem eru þær helstar að bæta þarf söfnun kyngreinanlegra upplýsinga um sjóðina og aðgengi að þeim. Kynjaskipting í fagráðum hefur færst í átt til meiri jöfnuðar en þarf enn að bæta. Konur eru í minnihluta umsækjenda en almennt séð bendir úttektin ekki til þess að kyn hafi áhrif á úthlutanir. Í nokkrum sjóðum var þó árangurshlutfall kvenna nokkuð lægra en karla. Þar sem konur voru í minnihluta styrkþega var hlutdeild þeirra af úthlutuðu fjármagni lægra en karla. Verkefnið hefur skilað þeim ávinningi að aðgengi að kyngreinanlegum upplýsingum um sjóðina hefur batnað og vitundarvakning hefur orðið um mikilvægi jafnréttismarkmiða fyrir þá.

Hagfræðileg úttekt á styttingu náms í framhaldsskólum

„Aukin skilvirkni í íslenska framhaldsskólakerfinu – styttri námstími til stúdentsprófs og herra útskriftarhlutfall hlýtur að teljast einn mikilvægasti þátturinn í því að auka framleiðni hérlendis til samræmis við það sem þekktist í öðrum norrænum löndum“ er meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum [skýrslu](#) sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði um efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms. Skýrslan var gerð að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í henni er lagt mat á efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms á Íslandi. Umfjöllunin er í þremur hlutum. Í fyrsta hluta er fjallað um íslenska framhaldsmenntun í lýðfræðilegu samhengi. Í öðrum hluta er litið til beinna hagrænna áhrifa af styttingu náms í framhaldsskólum landsins og í síðasta hlutanum er fjallað um langtíma mannauðsáhrif af styttingunni.

Skýrsluna gerði dr. Ásgeir Jónssyni, dósent í hagfræði við Hagfræðideild Háskóla Íslands, með aðstoð frá Þórunni Helgadóttur hagfræðinema og Jóni Guðjónssyni hagfræðingi.

Umfang og hagræn áhrif íþróttá á Íslandi

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann, að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytis, úttekt á hagrænum áhrifum íþróttá og greindi frá niðurstöðum sínum í [áfangaskýrslu](#). Tilgangur úttektarinnar var í fyrsta lagi að leggja grunn að frekari úttekt og rannsóknum á stöðu og umfangi íþróttá, afmarka viðfangsefnið og kanna hvaða gögn um hagrænt gildi íþróttá væru aðgengileg. Í öðru lagi að greina þá meginþætti íþróttastarfsins sem mikilvægt væri að athuga nánar og í þriðja lagi að kynna fyrstu niðurstöður um tiltekna efnisþætti. Við gerð úttektarinnar var notast við þrönga skilgreiningu á íþróttum og í inngangi hennar er áréttað að um forathug-

un sé að ræða, sem ekki gefi endanlegar heildarniðurstöður um hagrænt gildi íþróttar.

Niðurstöður skýrsluhöfunda sýna að umfang íþróttar er mjög mikið á Íslandi (þrátt fyrir að notast sé við þrönga skilgreiningu á íþróttum) og hér eru nokkur dæmi:

- Íþróttir eru mjög umfangsmiklar í íslensku samfélagi og þær snerta ótrúlega mörg svið þjóðlífsins.
- Um 46% landsmanna eru félagar í íþróttafélagi innan ÍSí og u.þ.b. 60% ungmenna á aldrinum 14-15 ára stunda íþróttir innan íþróttafélaga.
- Íþróttahreyfingin veltir árlega um 16 milljörðum króna. Við það má bæta framlagi sjálfboðaliða sem hefur verið metið á um 4 milljarða króna. Rannsóknir sýna að um 10% Íslendinga taka þátt í sjálfboðaliðastarfi á vegum íþróttafélaga.
- Afreksstarf íþróttafélaga skapar verulegar gjaldeyristekjur, beinar og óbeinar, og má ætla að þær nemi árlega um tveimur til þremur milljörðum króna.
- Fjöldi íþróttaviðburða er haldinn víða um land ár hvert. Þeir hafa talsvert vægi í ferðaþjónustu, hvort sem litið er til ferða innanlands eða erlendis.
- Telja má að framlag íþróttahreyfingarinnar til lýðheilsu nemi milljörðum króna eftir að tillit hefur verið tekið til kostnaðar vegna íþróttastarfsins.

Kannanir um innleiðingu laga frá árinu 2008 um leik-, grunn- og framhaldsskóla

Gerðar voru kannanir á innleiðingu laga frá árinu 2008 um leik-, grunn- og framhaldsskóla og var markmiðið meðal annars að fylgjast með því hvernig sveitarfélög og skólar sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð samkvæmt lögum fimm og hálfu ári eftir gildistöku þeirra. Markmiðið var einnig að fylgjast með því hvernig sveitarfélög og skólar sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð samkvæmt lögum og safna upplýsingum um skólastarf, m.a. vegna eftirlitsskyldu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Við gerð þessara kannana var tekið mið af niðurstöðum kannana frá 2009, sérstaklega hvað varðar þau sveitarfélög og skóla sem ekki þóttu uppfylla einstök lagaákvæði. Þá var bætt við spurningum sem m.a. tengjast reglugerðum sem gerðar hafa verið við löggin og um innleiðingu aðalnámskráa frá 2011. Niðurstöður eru settar fram í lýsandi tölum um hvort ákvæðum laga sé fylgt eða ekki en ekki eru dregnar ályktanir af þeim í skýrslunum.

[Mat á framkvæmd laga : Skólastjórar grunnskóla](#)

[Mat á framkvæmd laga : Skólastjórar leikskóla](#)

[Mat á framkvæmd laga : Sveitarfélög](#)

[Mat á framkvæmd laga : Skólameistarar, skólastjórar og rektorar framhaldsskólalaw](#)



Skýrsla og ályktun um stöðu íslensks tákn máls

Málnefnd um íslenskt tákn mál hefur sent reglulega frá sér ályktanir um stöðu tákn málsins og fleira er það varðar ásamt skýrslu. Í [ályktun árið 2015](#) segir meðal annars: „Mikilvægasti þátturinn í því að tungumál haldi lífskrafti sínum er að það færist á milli kynslóða. Það gerist ekki nema ungir málnotendur læri málið í uppvextinum. Hvað íslenskt tákn mál (ÍTM) varðar er í því sambandi grundvallarforsenda að öll heyrnarskert, heyrnarlaus og daufblind börn, sem og börn döff foreldra, hafi óhindraðan aðgang að ÍTM og málsamfélagi þess.“

Alþingi samþykkti lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls 7. júní 2011. Í þeim er m.a. kveðið á um að íslenska tákn málið sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta.

Skýrsla um íslenskukennslu fyrir útlendinga

Gerð var úttekt á framkvæmd styrkjafyrirkomulags íslenskukennslu fyrir útlendinga og var meginmarkmiðið að komast að raun um hvort:

- a. Stjórnsýsla verkefnisins sé í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti.
- b. Framkvæmd verkefnisins hjá þeim sem veita þjónustuna beri tilætlaðan árangur.

Í [niðurstöðum](#) úttektarinnar kemur meðal annars fram: „Að mati úttektaraðila endurspeglast markmið stjórnvalda í framkvæmd námsins að því leyti að til staðar er bæði framboð af námskeiðum og gott aðgengi fyrir útlendinga til að sækja námið. Ekki er hægt að mæla með beinum hætti hvernig markmið stjórnvalda um að virkja samfélagsþegna birtist í framkvæmd en í skýrslunni benda úttektaraðilar á ýmsar vísbendingar um að námið sé til þess fallið að stuðla að því markmiði, t.d. líta fræðsluáðilar almennt á íslenskukennslu sem hluta af þjónustu og stuðningi samfélagsins, þ.e. að gera erlendum ríkisborgurum kleift að verða virkir þátttakendur í samfélaginu og endurspeglast það í framkvæmd námsins.“

Greining á framkvæmd skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi

Ráðuneytið ákvað að óska eftir úttekt af hálfu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir og var undirritaður samningur þar að lútandi. Sú ákvörðun var byggð á tillögum starfshóps um greiningu á framkvæmd skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi.

Í [lokaskýrslu starfshópsins](#) kemur fram að fyrirliggjandi gögn sýna að almennt sé litið svo á að hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar sé jákvæð og að það sé mikilvægt að öll börn eigi kost á að sækja nám í heimaskóla. Almennt er þó talið erfitt að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar á grunnskólastigi. Stefnan er talin hafa breytt skólastarfi að verulegu leyti, en það þurfi m.a. aukið fjármagn, meiri sérfræðiþekkingu, meiri faglegan stuðning og aukið svigrúm í vinnutíma kennara til að framkvæma hana með fullnægjandi hætti. Talin er þörf á meiri umræðu um stefnuna, hvað hún þýði og hvað þurfi til að framkvæma hana. Það þurfi jafnframt að efla rannsóknarstarf, auka eftirlit með skólastarfi, endurskoða starfshætti og stuðning við kennara. Huga þurfi að inntaki menntunar þeirra og starfsþróun, tryggja samræmd





vinnubrögð sérfræðipjónustu skóla, skýra verksvið og samstarf aðila og auðvelda aðgengi að sérhæfðum úrræðum.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslunni og þeim gögnum sem höfð voru til hliðsjónar, setti starfshópurinn fram eftirfarandi áherslupunkta:

1. Veruleg þörf er á frekari greiningu á stöðu og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar og áhrifum hennar á skólastarf, þ.m.t. á líðan og árangur nemenda. Því er lagt til að formlegar viðuræður hefjist við [Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir](#) með ósk um að miðstöðin geri sambærilega úttekt á Íslandi og nýverið var unnin á [Möltu](#) fyrir stjórnvöld, en sem mótuð verði í samræmi við íslenskar aðstæður.
2. Úttekt Evrópumiðstöðvar verði fylgt eftir með skipulögðum hætti með umbætur í huga, þvert á skólastig og þvert á ráðuneyti
3. Ríki og sveitarfélög þurfa að vinna markvisst að því að eyða „gráum“ svæðum í þjónustu við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og tryggja aukna fagþekkingu starfsfólks.
4. Leggja þarf aukna áhersla á vægi snemmtækrar íhlutunar, ráðgjafar og þjálfunar, í stað formlegra greininga. Skoða þarf sérstaklega hlutverk sérskóla í þessu samhengi, með ráðgjöf við skóla og skólasamfélög á landsvísi í huga.

Nýir forstöðumenn

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri

Sigríður Huld Jónsdóttir er með BSc í hjúkrunarfræði, kennsluréttindi í framhaldsskóla og diplóma í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur verið aðstoðarskólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri frá 2006 og var settur skólameistari skólans skólaárið 2011 - 2012.

Hjalti Jón Sveinsson skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík

Hjalti Jón hefur MEd - gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands og MA - próf í menntunarfræði frá Háskólanum á Akureyri. Hann hefur gegnt stöðu skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri frá árinu 1999 og þar áður Framhaldsskólans á Laugum, frá árinu 1994.

Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari Framhaldsskólans á Laugum

Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson hefur BS Ed. - gráðu frá University of Georgia í íþróttá- og heilsufræði, MA - gráðu í íþróttufræði og Ph.D í íþróttufræði frá sama skóla. Hann hefur gegnt stöðu prófessors og varadeildarforseta Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar við Háskóla Íslands frá 2014.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari Fjölbautaskóla Snæfellinga

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir hefur starfað við kennslu síðan 1987 og frá 2005 við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Hún hefur MA - próf í stjórnun menntastofnana og BA - próf í uppeldis og menntunarfræði.

Helga Kristín Kolbeins skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Helga Kristín Kolbeins hefur starfað við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum síðan 1988; fyrst sem kennari, síðan sem áfangastjóri og síðast sem aðstoðarskólameistari. Hún er með viðbótarnám í stærðfræði, diplóma í skólastjórnun og mastersgráðu í opinberri stjórnsýslu.

Erna Ómarsdóttir listdansstjóri Íslenska dansflokksins

Erna Ómarsdóttir stundaði dansnám meðal annars við Listdanskóla Íslands, Rotterdamse Dansakademie og PARTS í Brussel undir stjórn Önnu Teresu de Keersemaeker. Hún hefur á ferli sínum unnið með mörgum danshöfundum og öðrum listamönnum við uppsetningu eigin verka og annarra. Hún var listrænn stjórnandi danshópsins Shalala frá 2007, Les Grandes Traversees í Bordeaux 2008, Reykjavík Dancefestival 2013 og hefur verið listrænn ráðgjafi Íslenska dansflokksins frá 2014.

ÝMIS VERKEFNI



Menningarlandið 2015

Að þessu sinnu var aðalviðfangsefni Menningarlandsins tölfræði menningar og skapandi greina. Aðalfyrirlesari málþingsins var dr. Tom Fleming sem er einn fremsti ráðgjafi á sviði skapandi greina í Evrópu um þessar mundir. Einnig fluttu Böðvar Þórisson frá Hagstofu Íslands og dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir frá Rannsóknarmiðstöð skapandi greina erindi um söfnun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga á sviði skapandi greina og menningarmála.

Eftir fyrirlestra var þátttakendum skipt í hópa þar sem þeir ræddu spurningar um tölfræði menningar og skapandi greina í sinni víðustu mynd:

- Hvers konar gögnum ætti að safna saman og hvers kyns greiningar ætti að framkvæma í tengslum við menningu og skapandi greinar?
- Hvernig getur tölfræði stutt við uppbyggingu menningar og skapandi greina?
- Hvert er framlag menningar og skapandi greina til lífsgæða á Íslandi?
- Hver á að safna saman gögnum og hvernig á aðgengið að vera?
- Hvaða regnhlífarhugtak ætti að nota yfir menningu og skapandi greinar og hvaða greinar ættu að falla undir það hugtak?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ásamt atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti stóðu fyrir málþinginu í samstarfi við Reykjavíkurborg, Samtök skapandi greina, Hagstofu Íslands, Listaháskóla Íslands og Íslandsstofu. Um 150 manns sóttu málþingið.



Almenn viðmið um skólareglur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa í samráði við aðila skólasamfélagsins útbúið almenn [viðmið um skólareglur](#). Viðmiðin er sett með tilvísun til reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum þar sem meðal annars segir að setja skuli skólareglur í hverjum grunnskóla með skýrum viðbrögðum og viðurlögum við brotum á þeim. Lögð er áhersla á að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að auka ábyrgð og styrkja persónuþroska og hæfni nemenda. Reglurnar skulu árlega kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur.

Handbókin „Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla“

[Vitundarvakning](#) um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi og Námsgagnastofnun gáfu út handbókina [Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla](#). Höfundar eru Guðrún Kristinsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Markmið handbókarinnar er að upplýsa starfsfólk skóla um einkenni og áhrif ofbeldis á börn og að vekja athygli á forvörnum, inngripi og úrræðum sem eru til staðar til að tryggja sem best velferð nemenda. Aftast í bókinni er yfirlit yfir náms- og fræðsluefni.

Ungt fólk 2015 – niðurstöður rannsókna

Gefin var út skýrsla um hagi og líðan barna í 5. - 7. bekk er varðar íþrótt- og tómsundaiðju, nám og skóla, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðla og tækjæign. [Skýrslan](#) er byggð á gögnum Ungt fólk - rannsóknarinnar sem safnað var meðal nemenda á miðstigi grunnskóla landsins í febrúar 2015. Líkt og áður er athygli beint að högum og líðan barnanna; stuðningi og eftirliti foreldra, þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi, viðhorfum þeirra til náms og skóla og líðan í skóla. Þá er fjallað um tengsl nemenda við jafnaldra, notkun þeirra á netmiðlum, lestur bóka og viðhorf þeirra til jafnréttis. Í skýrslunni í ár er einnig birtur samanburður á völdum þáttum úr rannsókninni í ár við niðurstöður rannsókna árin 2007, 2009, 2011 og 2013.

Ungt fólk - rannsóknirnar hafa verið lagðar fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur landsins allt frá árinu 1992. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur stuðlað að rannsóknunum frá upphafi en frá árinu 1999 hefur rannsóknarmiðstöðin [Rannsóknir og greining](#) við Háskólann í Reykjavík séð um framkvæmd þeirra.

Æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk eru mikilvægt tæki til að fylgjast með ýmsum þáttum í lífi ungs fólks, s.s. menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísun, líðan og framtíðarsýn svo nokkuð sé nefnt. Þær hafa reynst afar mikilvægar bæði fyrir stjórnvöld og þá aðila er vinna með börnum og ungmennum, svo sem sveitarfélög, skóla, æskulýðssamtök, íþróttasamtök, stofnanir, fagaðila og fjölmarga aðra. Niðurstöður rannsókna hafa m.a. komið sveitarfélögum að góðum notum við stefnumótun í málaflokkum sem snerta börn og ungmenni.

Niðurstöður eldri rannsókna eru á [vef ráðuneytisins](#) og hjá [Rannsóknum og greiningu](#).

Framtíðarsýn og skýrsla Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum

Framtíðarsýn Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum birtist í [skýrslu](#) um starfsemina árin 2012 - 2014. Í framtíðarsýninni eru lögð fram drög að starfsemi sem grundvallast á samráði fagaðila og miðlægri upplýsingaveitu með það að markmiði að tryggja forgangsriðun og stærðarhagkvæmni í málaflokknum. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að fræðslu og rannsóknum verði sinnt með markvissum hætti. Þá eru lagðar til nokkrar leiðir um fyrirkomulag forvarna sem grundvallist á þekkingu sem fengist hefur með rannsóknum, samráði fagaðila, upplýsingaveitu og fræðslu.

[Vitundarvakningin](#) er samstarfsverkefni innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Hún var stofnuð til þriggja ára í byrjun árs 2012 en starfaði áfram árið 2015 til að tryggja að verkefnum á hennar vegum yrði fundinn farvegur.

Áherslur Vitundarvakningar um næstu fræðsluverkefni:

- **Leikskólastig.** Innleiða fræðsluefni fyrir börn á leikskólastigi og koma á fræðslu sem sérstaklega er ætluð starfsfólki í leikskólum með áherslu á tilkynningaskyldu opinberra starfsmanna og einkenni kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis.
- **Fötluð börn.** Taka þarf sérstakt tillit til mismunandi aðstæðna fatlaðra barna við gerð forvarna- og fræðsluefnis fyrir börn.
- **Gerendur ofbeldis.** Útbúa forvarna- og fræðsluefni sem beinist að gerendum ofbeldis.
- **Kynjasjónarmið.** Útbúa fræðsluefni sem brýtur niður þagnarmúr um konur/stúlkur sem gerendur ofbeldis og drengi sem þolendur kynferðisofbeldis.
- **Kynboð (e. sexting).** Útbúa forvarna- og fræðsluverkefni um misnotkun kynboða.
- **Menntun fagstétta.** Huga þarf að inntaki menntunar fagstétta sem vinna með og í tengslum við börn.
- **Foreldrafræðsla.** Vítækri fræðslu um ofbeldi verði komið á með markvissum hætti fyrir foreldra.

Guðjón Friðriksson hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra veitti Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi verðlaun Jónasar Hallgrímssonar, sem veitt eru á degi íslenskrar tungu. Þá hlaut Bubbi Morthens sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning við íslenska tungu.

„Guðjón Friðriksson hefur með verkum sínum markað eftirminnileg spor í íslenska bókmenntasögu og breytt viðmiðum okkar í ritun sagnfræði og ævisagna. Aðferð hans er oft á tíðum sú að sviðsetja atburði og með því móti tekst honum að glæða frásögnina lífi svo minnir helst á spennandi skáldverk þótt aldrei sé slakað á fræðilegum kröfum.

Stíll Guðjóns er þróttmikill og fágaður í senn, ljóðrænn og skáldlegur, en umfram allt einstaklega læsilegur og heillandi. Það má telja víst að Jónas Hallgrímsson hefði kunnað að meta þannig stílbrögð,“ sagði meðal annars í rökstuðningi ráðgjafarnefndar dags íslenskrar tungu, sem gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um verðlaunahafa. Verðlaunahafi fékk 700 þúsund kr. í verðlaun, ritið Teiknibókina og skrautritað verðlaunaskjal. Íslandsbanki veitti verðlaunaféð eins og hann hefur gert frá upphafi.

Í rökstuðningi um viðurkenningu til Bubba Morthens sagði meðal annars: „Bubbi Morthens hefur verið einn af fremstu og afkastamestu tónlistarmönnum landsins síðan fyrsta platan hans, Ísbjarnarblús, kom út árið 1980. Hann hefur alla tíð lagt áherslu á vandaða textasmíð á kraftmikilli íslensku, hvort heldur sem hann hefur sungið um verbúðarlífið, ástina eða brýn samfélagsmál.“ Bubbi Morthens fékk í viðurkenningarskyni listaverk eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur.



Sameiginleg yfirlýsing um háskólamál

Á ráðherrafundi evrópska háskólasvæðisins var undirrituð sameiginleg yfirlýsing um háskólamál. Að frumkvæði Íslands var bætt við yfirlýsinguna kröfu um skýrslu um framvindu umbóta í Hvíta-Rússlandi. Ísland gegndi formennsku í Bologna-stýrihópnum í aðdraganda ráðherrafundarins og leiddi undirbúning yfirlýsingarinnar ásamt Lettlandi.

Við lok ráðherrafundar evrópska háskólasvæðisins ([EHEA](#)) sem haldinn var í Jerevan í Armeníu 14.-15. maí skrifuðu ráðherrar ríkjanna sem standa að EHEA undir sameiginlega yfirlýsingu um háskólamál, sem móta mun vinnu Bologna-háskólasamstarfsins næstu 3 árin, eða þar til ráðherrarnir funda á ný í París 2018.

[Yfirlýsingin](#) leggur áherslu á að styrkja enn frekar samstarf ríkjanna í málefnum háskóla og að ljúka innleiðingu verkferla og ákvæða EHEA fyrir 2020. Lögð verður rík áhersla á að aðstoða þau ríki sem enn hafa ekki uppfyllt ákvæðin svo að þau geti náð þessu marki. Yfirlýsingin fjallar einnig um nauðsyn þess að auka þátt stúdenta í gæðastarfi og hvetur til jafnréttis, sjálfræðis og akademíks frelsis í samstarfi háskóla. Þá er fjallað um hlutverk háskóla í að stuðla að umræðu, umburðarlyndi og skilningi milli menningarheima, trúarbragða og stjórnmála-hópa, og jöfnu aðgengi til náms fyrir alla hópa samfélagsins.

Umsókn Hvíta-Rússlands um aðild að Bologna-ferlinu var samþykkt með skilyrðum um að umbætur yrðu gerðar á háskólakerfinu fyrir 2018, sérstaklega hvað varðar réttindi og frelsi stúdenta, sjálfræði háskóla og akademískt frelsi.



Ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Lokið var eftirfylgni með könnun á innleiðingu reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Í könnuninni voru 49 spurningar sem beint var til skólustjóra. Spurt var um atriði í tengslum við skólabrag, einelti og fagráð gegn einelti, skóla-reglur, brottrekstur úr kennslu/skóla og hvort skólar hefðu þurft að nota líkamlegt inn grip og verklagsreglur þar að lútandi. Í lokin voru skólustjórar spurðir almennra spurninga eins og t.d. hvernig skólum hefði tekist að innleiða meginákvæði reglugerðarinnar og hvort þeir teldu þörf á endurskoðum á einhverjum ákvæðum hennar.

Ráðuneytið fylgdi niðurstöðum könnunarinnar eftir og óskaði eftir skýringum frá viðkomandi skólum eftir því sem við átti. Ástæða þótti til að áréttá ýmis almenn atriði við þá sem málið varðar og benda á að samkvæmt reglugerðinni:

- Eiga skólar að skilgreina í hverju jákvæður skólabragur felst og móta leiðir til að viðhalda honum.
- Ber skólum reglulega að kanna eðli og umfang eineltis í skólum, kynna niðurstöður og nýta þær til úrbóta.
- Eiga allir skólar að setja skólareglur sem kynntar eru nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun.
- Ber öllum skólum að setja sér verklagsreglur um hvað gera skal þegar skóli þarf að grípa til líkamlegs inn grips.
- Geta foreldrar eða skólar óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs um einelti í grunnskólum ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðiþjónustu.





Vinsamlegt samfélag fékk hvatningarverðlaun Dags gegn einelti 2015

Verkefnið, sem er á vegum Reykjavíkurborgar, varð fyrir valinu því það hefur reynst góður samstarfsvettvangur gegn einelti, þar sem öllum hagsmunaaðilum er stefnt saman til að berjast gegn einelti. Verkefnið teygir anga sína langt út fyrir skólann eða frístundasviðið og sameinar gríðarlegan fjölda fólks undir sama markmiði.

„Vinsamlegt samfélag er samfélag sem við viljum öll búa í. Samfélag sem er meðvitað um einelti og vinnur stutt og stöðugt gegn því en bregst einnig skjótt og rétt við ef slík mál koma upp. Samfélag sem vinnur saman og stendur saman.“ Viðurkenningin sem starfshópurinn fékk er listaverk eftir Koggu sem heitir Egg snjófluglins.

Skýrsla starfshóps um upplýsingatækni í skólastarfi


Verkefnahópur um þekkingaruppbyggingu í upplýsingatækni í skólastarfi mat og greindi viðfangs efnið og mótaði tillögur að úrbótum. Að verkefninu kom jafnframt stór hópur sem tengist skólasamfélaginu á einn eða annan hátt ásamt hagsmunaaðilum í atvinnulífinu.

Lokaafurð hópsins var [skýrsla](#) þar sem gerð er meðal annars grein fyrir meginmarkmiðum, framtíðarsýn og tillögum til úrbóta. Þar eru dregnir fram sex lykilþættir sem taldir eru mikilvægir við eflingu upplýsingatækni í skólastarfi (sjá mynd). Upptalningin er ekki í vægisröð.



STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS, STARFSMANNAMÁL OG FLEIRA

Útgjöld mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum




Helstu niðurstöður úr rekstri aðalskrifstofu


	2013	2014	2015
Laun	620	632	649
Húsnæði	66	64	70
Aðkeypt þjónusta	72	49	64
Ferða- og fundakostn.	39	38	62
Rekstrarkostnaður	7	18	6
Tilfærslur	64	53	32
Kostnaður samtals	868	854	884
Sértekjur	19	20	3
Framlag ríkissjóðs	869	834	877
Tekjur samtals	888	854	880
Mismunur	20	0	-4

Upphæðir í milljónum króna


Þróun helstu kostnaðarliða fyrir utan laun



Skipting rekstrarkostnaðar 2015




Borgir sem ferðast er til og hversu oft árið 2015




Fjöldi starfsfólks, meðalaldur, meðalstarfsaldur og hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks

	2013	2014	2015
Fjöldi starfsmanna	74	67	63
karlar	30%	31%	29%
konur	70%	69%	71%
Meðalaldur	53 ár	54 ár	54 ár
Meðalstarfsaldur	13 ár	13 ár	13 ár
Hlutfall háskólamenntaðra	80%	79%	81%



Móttekin erindi með tölvupósti árin 2011-2015



Skjalasafnið í tölum 2011-2015

	2011	2012	2013	2014	2015
Ný mál á árinu	7.009	5.251	3.962	3.363	5.041
Ný skjöl á árinu	40.167	42.572	41.127	34.563	35.722
Fjöldi mála í vinnslu í árslok	3.680	4.261	2.789	1.854	2.485
Heildarfjöld mála í Málaskrá í árslok	90.813	96.133	100.064	103.652	109.057
Innkomin erindi á netfang ráðuneytisins	4.213	4.902	5.992	6.196	5.415
Beiðnir um aðgang að gögnum skv. upplýsingalögum	53	47	50	43	62

Kvartanir og kærur 2011-2015

	2011	2012	2013	2014	2015
Kærur	11	7	4	5	16
Kvartanir til Umboðsmanns Alþingis	13	9	10	10	14
Kvartanir vegna leikskóla	3	2	2	0	1
Kvartanir vegna grunnskóla	18	5	9	11	8
Kvartanir vegna framhaldsskóla	9	5	9	6	23
Kvartanir vegna háskóla	3	4	5	5	0
Kvartanir vegna námsstyrkjanevndar	4	4	5	1	1
Kvartanir og kærur samtals	61	36	44	38	63

Útgefin rit mennta- og menningar- málaráðuneytis 2015

Rafræn rit 2015

1. Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 (önnur útgáfa með breytingum 2015)
2. Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, greinasvið 2013
3. Brotthvarf úr framhaldsskólum, haust 2014: Niðurstöður skráninga á ástæðum brotthvarfs frá nemendum sem hættu námi í framhaldsskólum á haustönn 2014
4. Fjölbrautaskóli Suðurlands: Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
5. Framhaldsskólinn á Húsavík: Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
6. Framhaldsskólinn á Laugum: Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti
7. Fýsileikakönnun: Sameining Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans ehf
8. Greining á gögnum um sérkennslu frá Hagstofu Íslands
9. Grunnskóli Snæfellsbæjar: Umbótaáætlun - ytra mat 2015
10. Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi: Skýrsla starfshóps um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf
11. Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum, desember 2014
12. Háskólar og vísindi á Íslandi 2015: Þróun og staða
13. Íþróttir á Íslandi umfang og hagræn áhrif, áfangaskýrsla 2015
14. Kynferðisofbeldi gegn börnum: Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna
15. Mat á framkvæmd laga: Skólameistarar, skólastjórar og rektorar framhaldsskóla
16. Mat á framkvæmd laga: Skólastjórar grunnskóla
17. Mat á framkvæmd laga: Skólastjórar leikskóla
18. Mat á framkvæmd laga: Sveitarfélög
19. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Ársrit 2014
20. Miðstöð íslenskrar myndlistar: Tækifæri og áskoranir við stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar
21. Nefnd um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni
22. Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla: Handbók fyrir starfsfólk
23. Review of Policies to Improve the Effectiveness of Resource Use in Schools: Country Background Report, Iceland
24. Salaskóli, umbótaáætlun - ytra mat
25. Skóli án aðgreiningar: Samantekt á lögum og fræðilegu efni
26. Skýrsla Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna árið 2014
27. Skýrsla Málnefndar um íslenskt tákni um stöðu þess 7. júní 2015
28. Skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi
29. Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu
30. Skýrsla Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum: Starfsemi á vegum Vitundarvakningar 2012-2014 í forvörnum fyrir börn gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi
31. Starfsþróun kennara: Greining á sjóðaðumhverfi, desember 2014
32. Styrkjakerfi vísindarannsóknna frá kynjasjónamiði, áfangaskýrsla
33. Styrkjakerfi vísindarannsóknna frá kynjasjónamiði, áfangaskýrsla

34. Styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónamiði, lokaskýrsla
35. Tækifæri til umbóta: Unnið úr niðurstöðum ytra mats sem gert var af Námsmatsstofnun haustið 2014, janúar - mars 2015
36. Ungt fólk 2014, grunnskólar: Menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglinga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi, samanburður rannsókna árin 2000 til 2014. Staða og þróun yfir tíma
37. Ungt fólk 2015, 5. - 7. bekkur: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun, heilsuvisar, líðan og framtíðarsýn ungmenna í 5. - 7. bekk á Íslandi. Æskulýðsrannsóknir frá 1992
38. Úttekt á íslenskukennslu fyrir útlendinga, mars 2015
39. Úttekt á starfsemi Krikaskóla, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti, 20. júní 2015
40. Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, 20. júní 2015
41. Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, 15. nóvember 2014
42. Ytra mat grunnskóla: Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ
43. Ytra mat grunnskóla: Dalvíkurskóli
44. Ytra mat grunnskóla: Grunnskóli Bolungarvíkur
45. Ytra mat grunnskóla: Grunnskóli Grundarfjarðar
46. Ytra mat grunnskóla: Grunnskóli Snæfellsbæjar
47. Ytra mat grunnskóla: Grunnskólinn á Suðureyri
48. Ytra mat grunnskóla: Salaskóli í Kópavogi
49. Ytra mat grunnskóla: Síðuskóli á Akureyri
50. Ytra mat grunnskóla: Waldorfskólinn í Lækjarbotnum
51. Ytra mat leikskóla: Andabær
52. Ytra mat leikskóla: Garðaborg í Reykjavík
53. Ytra mat leikskóla: Óskaland í Hveragerði
54. Ytra mat leikskóla: Undraland á Flúðum
55. Ytra mat leikskóla: Sjáland í Garðabæ
56. Þátttaka í samræmdum könnunarprófum: Mæting, fjarvistir, undanþágur

Prentuð rit (einnig birt rafrænt)

57. Kynferðisofbeldi gegn börnum: Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna
58. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Ársrit 2014
59. Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla: Handbók fyrir starfsfólk
60. Skýrsla Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Starfsemi á vegum Vitundarvakningar 2012-2014 í forvörnum fyrir börn gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi
61. Ungt fólk 2014, grunnskólar: Menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglinga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi, samanburður rannsókna árin 2000 til 2014. Staða og þróun yfir tíma